

113 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Súgfirðinga“, út-
28. sept. gefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 28. sept. 1934.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóð Súgfirðinga.

1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist „Sjúkrasjóður Súgfirðinga“, er stofnaður með gjöf til minningar um hjónin Jóhannes Hannesson og Guðrúnu Ólafsdóttur og dóttur þeirra Hansínu, og er að upphæð kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Suðureyrarhrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítið fólk í Suðureyrarhreppi, í sjúk-
dómstílfellum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þannig: Tveimur konum úr stjórn kvenfélagsins Ársól á Suðureyri, kosnum á aðalfundi þess, og einum manni kosnum af hrepps-
nefnd Suðureyrarhrepps í febrúar árlega. Stjórn sjóðsins hefir á hendi umsjón hans og reikningshald, og annast um að hann sé á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Hún skal einnig hafa á hendi úthlutun úr sjóðnum og bóka, í þar til gerða bók, ályktanir sínar um allt það, er starf hennar varðar. Tveir endurskoðendur skulu yfirfara reikninga sjóðsins. Er annar kosinn af kvenfélaginu Ársól, á aðal-
fundi þess, en hinn af hreppsbúum, á sama fundi er kýs endurskoðanda hrepps-
reikninganna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Tekjum sjóðsins, vöxtum, gjöfum og tillögum, skal stjórn sjóðsins ráð-
stafa við hver árslok, samkvæmt tilgangi hans, þó þannig, að aldrei leggist minna en hálfir vextirnir við höfuðstól sjóðsins, sem aldrei má skerða.

6. gr.

Hætti kvenfélagið Ársól að starfa, skal sveitarstjórn Suðureyrarhrepps sjá sjóðnum fyrir stjórn.

Suðureyri, 28. febrúar 1933.

Sigríður H. Jóhannesdóttir.